

Washington, D.C., 29. nóvember 2007

Hr. Pétur H. Blöndal  
formaður efnahags- og skattanefndar  
Alþingi  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/582**  
**komudagur 30.11.2007**

**Þskj. 257 – 237. mál**

**Frumvarp til laga um breyting á lögum um kjararáð, nr 47/2006, með síðari breytingum.**

**Umsögn**

Ég undirritaður, Ólafur Sigurðsson, sem starfa sem sendifulltrúi við sendiráð Íslands í Washington, D.C., óska hér með eftir að koma á framfæri umsögn um ofangreint frumvarp til laga sem nú er umfjöllunar í efnahags- og skattanefnd Alþingis.

Sem kunnugt er felldi kjararáð þann úrskurð 7. júní sl. að ákvörðun launa og starfskjara skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu, nema skrifstofustjóra starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, skyldu ekki falla undir úrskurðarvald kjararáðs. Sama dag felldi kjararáð þann úrskurð að ákvörðun launa og starfskjara sendifulltrúa í utanríkisþjónustunni skyldu ekki heldur falla undir úrskurðarvald kjararáðs.

Með frumvarpinu sem hér um ræðir er m.a. lagt til að ákvörðun um laun og starfskjör skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu færist aftur til kjararáðs, en ekkert slíkt ákvæði er að finna varðandi sendifulltrúa í utanríkisþjónustunni.

Í þessu sambandi skal tekið fram að í 8.gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands frá 1971, eru skrifstofustjórar og sendifulltrúar, og reyndar einnig aðalræðismenn, flokkaðir saman og störf þeirra þar með gerð sambærileg.

Í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70, 1996 (starfsmannalögin) segir jafnframt í 22. gr. að embættismenn teljist vera “Forsetaritari, ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar í Stjórnarráði, sendiherrar og sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni.”

Það er því ljóst að sendifulltrúar og skrifstofustjórar í Stjórnarráðinu hafa skv. lögum haft sömu stöðu til þessa en með því að undanskilja sendifulltrúa frá úrskurðarvaldi kjararáðs um laun og starfskjör er ljóst að staða þessara hópa getur vart lengur talist sambærileg.

Þá skal bent á að í athugasemdum við einstökum greinum frumvarpsins, er tillagan um að skrifstofustjórar í Stjórnarráðinu skuli falla undir úrskurð kjararáðs m.a. rökstudd með því að þeir njóti ekki verkfallsréttar. Sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni, og reyndar allir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, eru hins vegar einnig undanskildir verkfallsrétti og eiga

Þessi sömu rök því einnig við um sendifulltrúa, sbr. lög nr. 94, 1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Vegna flutningsskyldunnar og þeirra fjölda starfsstöðva sem utanríkisþjónustan rekur erlendis, en þær eru á þriðja tug talsins, er jafnframt afar óheppilegt að sami aðili úrskurði ekki um laun allra sendifulltrúa utanríkisþjónustunnar. Um þetta leyti er meirihluti skrifstofustjóra utanríkisráðuneytisins sendifulltrúar, sem munu lúta úrskurði kjararáðs um laun og starfskjör verði frumvarpið að lögum, meðan sendifulltrúar sem starfa á sendiskrifstofum erlendis, munu framvegis taka laun með öðrum og reyndar óljósum hætti.

Í þessu sambandi skal tekið fram að sendifulltrúar á sendiskrifstofum Íslands erlendis, sem allir eru varamenn sendiherra utan einn sem er fastafulltrúi hjá alþjóðastofnun, gegna sambærilegu hlutverki og skrifstofustjórar í Stjórnarráðinu, og hafa m.a. með höndum rekstrar- og starfsmannamál sinnar skrifstofu í umboði síns sendiherra með sama hætti og skrifstofustjórar í ráðuneytum í umboði síns ráðuneytisstjóra.

Ég legg því til að í meðferð efnahags- og skattanefndar Alþingis verði gerð sú breyting á áðurnefndu frumvarpi til laga að í 1. gr. frumvarpsins verði sendifulltrúum í utanríkisþjónustunni bætt við upptalningu þeirra ríkisstarfsmanna sem lúta skuli úrskurði kjararáðs um laun og starfskjör.

Virðingarfyllst,

Ólafur Sigurðsson  
Sendifulltrúi  
Sendiráði Íslands  
Washington, D.C.